

Borgir v/Norðurslóð, 600 Akureyri,

Sími 460-8900, Fax 460-8919

Netfang: [rha@unak.is](mailto:rha@unak.is)

Veffang: <http://www.rha.is>



RANNSÓKNASTOFNUN  
HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

## **DREIFMENNTUN Í GRUNNSKÓLUM**

### **V-BARÐASTRANDARSÝSLU**

**Nóvember 2006**

***Trausti Þorsteinsson***  
***Tryggvi Guðjón Ingason***  
***Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir***



***Skýrsla unnin fyrir Menntamálaráðuneytið***



## EFNISYFIRLIT

<b>1.</b>	<b>HELSTU NIÐURSTÖÐUR.....</b>	<b>2</b>
<b>2.</b>	<b>INNGANGUR.....</b>	<b>4</b>
<b>3.</b>	<b>DREIFMENNTUN.....</b>	<b>6</b>
3.1.	HUGTÖK.....	6
3.2.	FJARKENNSLA Á STRÖNDUM – TILRAUNAVERKEFNI.....	7
3.3.	DREIFMENNTUNARVERKEFNIÐ Í V.-BARÐASTRANDASÝSLU .....	9
3.4.	SKÓLAÞRÓUNARVERKEFNI.....	11
3.5.	YFIRLIT FJARKENNSLUNNAR 2003-2006.....	13
<b>4.</b>	<b>GÖGN OG AÐFERÐIR.....</b>	<b>16</b>
4.1.	FYRIRLIGGJANDI GÖGN .....	16
4.2.	VIÐTÖL .....	18
<b>5.</b>	<b>GREINING OG NIÐURSTÖÐUR .....</b>	<b>20</b>
5.1.	UNDIRBÚNINGUR FJARKENNSLUNNAR .....	20
5.2.	TÆKNIBÚNAÐUR.....	22
5.3.	SKÓLANÁMSKRÁR .....	24
5.4.	FJARNÁM OG -KENNSLA .....	25
5.5.	FÉLAGSÞÆTTIR .....	27
5.6.	VIÐHORF OG SAMSTARF .....	29
5.7.	ÁHRIF DREIFMENNTUNAR Á REKSTUR SKÓLANNA .....	30
5.8.	MÖGULEIKAR DREIFMENNTUNARLÍKANSINS .....	31
<b>6.</b>	<b>UMRÆÐA.....</b>	<b>32</b>
	<b>HEIMILDIR .....</b>	<b>38</b>
	<b>VIÐAUKI 1 .....</b>	<b>39</b>

## 1. HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Í meginatriðum verður ekki annað séð en umtalsverður ávinningur hafi orðið af dreifmenntunarverkefninu.
- Félagsleg tengsl nemenda á svæðinu sem verkefnið náði til hafa aukist, nemendur upplifa sig þátttakendur í stærri heild og dregið hefur úr hrepparíg þeirra á meðal.
- Dreifmenntunarverkefnið virðist stuðla að auknu sjálfstæði nemenda í námi.
- Kennsluaðferðir í skólunum hafa orðið fjölbreyttari og samskipti kennara á svæðinu aukist.
- Kennarar hafa almennt öðlast aukna færni í notkun tölvu og forrita sem nýst hefur þeim með einum eða öðrum hætti í kennslu.
- Fátt virðist benda til annars en að árangur nemenda í fjarkennslu sé sambærilegur við árangur nemenda í hefðbundinni kennslu en ekki er komin næg reynsla til að fullyrða slíkt.
- Nemendum virðist líða vel í kennslustundum og er tölvan þeim greinilega mjög handgengin.
- Nemendur eru betur undirbúnir fyrir framhaldsnám í fjarnámi en nemendur sem hafa eingöngu fengið hefðbundna kennslu.
- Netskólinn og MSN hafa opnað samskiptaleiðir milli nemenda og kennara og virðast koma að einhverju leyti í stað hinnar líkamlegu nálægðar.
- Með dreifmenntunarverkefninu hefur skapast tækifæri fyrir skólana alla að fá kennara með sérþekkingu í tiltekinni námsgrein til að annast kennslu á svæðinu án þess það kosti sérstaka kennslutíma í hverjum skóla með tilheyrandi ferðakostnaði og erfiðleikum yfir vetrartíma. Aftur á móti virðast skólarnir ekki hafa nýtt sér þetta til fulls.

- Tæknileg vandamál hafa komið fram við notkun tæknibúnaðar en þróunin hefur verið jákvæð þann tíma sem dreifmenntunarverkefnið hefur staðið yfir.
- Sá annmarki er á verkefninu að nemendur Patreksskóla fá ekki sama tækifæri til þátttöku í dreifmenntunarverkefninu og nemendur í fámennari skólunum eftir að ákvörðun var tekin um að hafa ekki nemendur hjá kennara á nærenda.
- Ekki er talið líklegt að fjárhagsleg hagræðing verði að dreifmenntunarverkefninu. Með aukinni samkenslu á milli skólanna virðist mega draga úr fjölda kennslustunda á svæðinu en á móti má telja líklegt að sparnaður þess vegna etist upp í auknum tilkostnaði við kaup á tækjabúnaði ásamt rekstri hans og viðhaldi. Þá kom fram hjá kennurum að kennsluformið kallaði á aukin undirbúning þeirra sem þeir töldu að taka þyrfti tillit til við launagreiðslur.
- Upplýsingar um verkefnið í skólanámsskrám og heimasíðum skólanna er af skornum skammti. Ef dreifmenntunin á að verða reglulegur hluti af skólastarfi skólanna þá er óhjákvæmilegt að það birtist með einum eða öðrum hætti í framtíðarsýn skólanna, markmiðum þeirra og starfsáætlun.
- Allt bendir til að fjarkennsla sé ekki einungis bæði tæknilega og kennslufræðilega möguleg heldur einnig að mörgu leyti vænleg leið til að styrkja starf skóla í dreifðum byggðum.

## 2. INNGANGUR

Þann 20. ágúst árið 2003 var undirritaður samningur á milli Menntamálaráðuneytisins, Bæjarstjórnar Vesturbyggðar og Hreppsnefndar Tálknafjarðar um verkefnið: Dreifmenntun í grunnskólum Vestur Barðastrandarsýslu. Í samningnum er grein gerð fyrir verkefninu og jafnframt kveðið á um að við lok samningstímans skuli lagt mat á framkvæmd verkefnisins og til þess ráðnir utanaðkomandi aðilar. Á grundvelli þessa ákvæðis samningsins var leitað til Rannsókn- og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri (RHA) um að annast þessa úttekt.

Úttektin nær til helstu þátta samningsins og er byggð á þeim gögnum sem fyrir liggja um dreifmenntunarverkefnið og viðtölum við helstu hagsmunaaðila. Var úttektin miðuð við framkvæmd samningsins skólaárin 2003-2004, 2004-2005 og 2005-2006. Trausti Þorsteinsson, forstöðumaður skólaþróunarsviðs kennaradeildar Háskólans á Akureyri, Guðrún Rósa Þorsteinsdóttir, sérfræðingur RHA og Tryggvi Guðjón Ingason, verkefnisstjóri RHA voru fengin til að vinna úttektina fyrir hönd RHA.

Í skýrslunni er gerð stuttlega grein fyrir dreifmenntunarverkefninu. Fyrst verður sagt frá hugtökum tengdum verkefninu, tilraunaverkefni í fjarkennslu sem haldið var á Ströndum, aðdraganda dreifmenntunarverkefnisins og stutt yfirlit yfir verkefnið á meðan á því stóð. Því næst er gerð grein fyrir gögnum og aðferðum sem úttektin er byggð á, fyrir- liggjandi gögnum og viðtalsrömmum. Í kafla 5 er greint frá upplýsingum er fram komu í viðtölum og inn í þá greinargerð er fléttað rýni í rituð gögn. Í síðasta kafla skýrslunnar er fjallað um helstu niðurstöður, þess freistað að svara matsspurningunni sem sett var fyrir úttektinni og að lokum dregnar saman helstu niðurstöður.

Höfundar þessarar skýrslu vilja þakka þeim sem lögðu þeim lið við gerð úttektarinnar. Viðtöl voru tekin við fulltrúa foreldra, fulltrúa kennara, skólastjóra, nemendur og formann stýrihóps. Þá voru upp-



lýsingar fengnar hjá ráðgjafa menntamálaráðuneytisins sem starfar að verkefninu. Allir þessir aðilar brugðust ljúfmannlega við spurningum úttektaraðila og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir gott samstarf.

### 3. DREIFMENNTUN

#### 3.1. Hugtök

Ýmis hugtök eru til sem notuð hafa verið um kennslu af því tagi sem um ræðir í samningi menntamálaráðuneytis og sveitarstjórna Vesturbyggðar og Tálknafjarðar. Flest þessara hugtaka hafa sama eða svipað innihald en það getur verið eðlismunur á milli þeirra. Algengt er að notuð séu hugtökin *fjarnám* (distance learning) og *fjarkennsla* (distance education) yfir nýja kennsluhætti sem styðjast við tölvu- og upplýsingatækni þar sem nemendur dreifast á tvo eða fleiri staði. Þessi hugtök eru nokkuð víðtæk og eru til önnur hugtök sem vísa til fjarnáms eða fjarkennslu en þau eru: *opið nám* (open learning), *sveigjanlegt nám* (flexible learning) og *sítengt nám* (online learning, e-learning). Skilgreiningar á fjarnámi eru mjög margar en þær eiga það sameiginlegt að átt er við nám þar sem nemendur og kennarar eru landfræðilega aðskildir, auk þess að vera jafnvel aðskildir í tíma. Þetta kallar á breyttar kennsluaðferðir og getur fjarnám verið sveigjanlegt og opið en þarf ekki að vera það. Fjarkennsla býður upp á sveigjanleika í námi þar sem nemendur geta stundað nám sitt heima, á vinnustað eða námssetrum oft á sínum eigin hraða og á þeim tíma sem hentar.<sup>1</sup>

Í verkefni því sem hér er til umfjöllunar er hugtakið dreifmenntun notað fyrir það form fjarkennslu sem stuðst er við og vísar einfaldlega til þess að nemendur sem leita sér menntunar eru dreifðir um ákveðið svæði. Fáar tilraunir hafa verið gerðar með fjarkennslu milli grunnskóla. Segja má að aðeins ein alvöru tilraun hafi verið gerð með fjarkennslu af þessu tagi hér á landi en það var tilraunaverkefni sem unnið var í Grunnskóla Hólmavíkur og Broddanesskóla á Ströndum á árunum 1999–2000. Í norður Svíþjóð hafa verið gerðar tilraunir með fjarkennslu á grunnskólastigi og voru þær tilraunir kynntar á alþjóðlegri ráðstefnu (Netlearning 2006) í Ronneby í Svíþjóð í maí

---

<sup>1</sup> Thórsteinsdóttir, Guðrún 2005. Bates, A.W.Tony 2005.

síðastliðnum. Verkefnisstjórar voru ánægðir með hvernig til tókst en ekki hafði farið fram formleg úttekt á verkefninu.<sup>2</sup>

### **3.2. Fjarkennsla á Ströndum – tilraunaverkefni**

Árið 2000 kom út skýrsla á vegum Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri um tilraunaverkefni í fjarkennslu milli Grunnskólans á Hólmavík og Broddanesskóla.<sup>3</sup> Meginmarkmið þess verkefnis var að kanna hvort fjarkennsla með fjarfundabúnaði væri fær leið til að styrkja starf í fámennum grunnskólum með því að auka námsframboð og fjölbreytni í námi, styrkja félagslega stöðu nemenda og auka samskipti þeirra við jafningja í nágrannaskólum og bæta starfsaðstæður kennara, t.d. með því að rjúfa einangrun og auka samskipti við starfsfélaga í öðrum skólum. Verkefnið beindist að því að þróa kennsluáðferðir í fjarkennslu, halda skipulega til haga þekkingu og reynslu sem skapaðist af verkefninu og gera aðgengilega öðrum og að síðustu að leggja á hlutlægan hátt mat á möguleika og takmarkanir kennsluformsins.

Við fjarkennsluverkefni Strandamanna var eingöngu stuðst við fjarfundabúnað en tölvur voru ekki notaðar enda tölvueign skólanna mjög takmörkuð. Fram kemur í skýrslu Rúnars að til samskipta á milli skólanna hafi fax-tæki verið notað en lítið stuðst við tölvupóst. Verkefni það var einnig unnið á öðrum tíma og tæknibúnaður ekki sambærilegur og býðst í dag.

Í skýrslu Rúnars kemur fram að ekki hafi verið hugað að lýsingu eða lit á veggjum í fjarkennslustofum sem hann telur mikilvægt við skipulag fjarkennslustofu. Þá segir hann að kynning til foreldra af hálfu skólanna hafi einkum verið fólgin í skriflegum upplýsingum en ekki í formi funda eða kynninga þar sem foreldrum gæfist tækifæri til að

---

<sup>2</sup> Netlearning 2006

<sup>3</sup> Rúnar Sigbórsson 2000

skoða tæki sem nota átti, prófa eða spyrja spurninga sem með þeim vöknudu. Þá segir hann óhjákvæmilegt að kennari hitti þá nemendur sem hann á að kenna á fjarenda, þekki þá með nafni og að nemendur hafi sjálfir kynnst kennaranum og traust skapast þeirra á milli. Þetta segir hann að megi gera með ýmsum hætti, með því að heimsækja skólann á fjarendanum nokkrum sinnum og taka þátt í kennslu eða þá að nemendur komi í heimsóknir í skólann þar sem kennslan fer fram.

Að mati Rúnars virðist nemendum sem þátt tóku í tilraunaverkefninu á Ströndum almennt hafa liðið vel í fjarkennslutímunum og viðhorf þeirra til fjarkennslunnar í heild jákvætt. Neikvæðir þættir tengdust helst tæknilegum örðugleikum. Einnig var greinilegt að nemendur urðu varir við hnökra sem óhjákvæmilega urðu vegna þess að kennarar voru óvanir að þurfa að skipta athygli sinni milli tveggja hópa. Þessa gætti einkum hjá þeim nemendum sem voru í líkamlegri nálægð við kennara (voru á nærenda). Um þetta atriði segir Rúnar m.a.

*Eðli málsins samkvæmt er framvinda kennslustunda í fjarkennslu að ýmsu leyti frábrugðin því sem gerist í öðrum kennslustundum. Augljósasti munurinn er sá að kennarinn hefur nú tvo nemendahópa á sinni könnu, auk þess að þurfa að einbeita sér að stjórnun fjarfundabúnaðarins. Það síðarnefnda er væntanlega erfiðast fyrir en kemst væntanlega upp í vana þegar kennarinn tileinkar sér að fullu þá færni sem það krefst.<sup>4</sup>*

Í niðurstöðum í úttekt Rúnars á tilraunaverkefninu á Ströndum kemur fram að samband og samskipti kennara við nemendur á fjarenda var augljóslega ýmsum takmörkunum háð. Líkamlega nálægð skorti sem var bagalegra eftir því sem nemendurnir voru yngri. Við þetta töpuðust ýmsir möguleikar sem kennari hefur til tengslamyndunar við nemendur s.s. að hrósa, uppörva og hugga ef á bjátaði. Þá er einnig erfitt að bregðast við óæskilegri hegðun á fjarenda sem gerir kennaranum erfiðara um vik að framfylgja reglum um vinnubrögð og vinnufrið. Einnig segir Rúnar erfiðara fyrir kennara að fylgjast með vinnu nemenda á fjarenda og öll aðstoð við þá verði tímafrekari.

---

<sup>4</sup> Rúnar Sigbórsson 2000.

Þrátt fyrir annmarka er meginniðurstaða Rúnars Sigbórssonar sú að tilraunaverkefnið bendi til að fjarkennsla sé ekki einungis bæði tækni-lega og kennslufræðilega möguleg heldur einnig að mörgu leyti vænleg leið til að styrkja starf í fámennum grunnskólum. Með fjarkennslu megi auka námsframboð og fjölbreytni í námi, styrkja félagslega stöðu nemenda og auka samskipti þeirra við jafningja í nágrannaskólum ásamt því að bæta starfsaðstæður kennara. Rúnar taldi ekki að fjarkennsla leiddi til sparnaðar í skólahaldi, þvert á móti taldi hann að hún gæti orðið dýrari. Hún hefði í för með sér verulegar breytingar á starfi kennara og krefðist nýrrar þekkingar og færni.

### 3.3. Dreifmenntunarverkefnið í V.-Barðastrandarsýslu

Tilurð dreifmenntunarverkefnisins í V.-Barðastrandarsýslu var með svipuðum hætti og tilraunaverkefnisins á Ströndum. Forsögu þess má rekja til þess að illa hafði gengið að fá kennara með réttindi í kennara-stöður við grunnskólana í sýslunni og uppfylla þar með lögbundnar kröfur til skólahalds. Þá hefur fjarlægð og samgöngur í vetrarveðrum sett strik í reikninginn varðandi samskipti og samgang á milli skólanna. Á vefsíðunni Dreifmenntun má lesa eftirrandi um aðdraganda verkefnisins:

*Vestur Barðastrandarsýsla hefur ekki farið varhluta af hrinu fólksflutninga til suð-vestur horns landsins. Þetta hefur m.a. haft þær afleiðingar í för með sér að erfitt hefur verið að uppfylla kröfur sem gerðar eru til skólahalds í nútíma samfélagi. Fjarlægðir milli skóla innan svæðis eru á bilinu 19-40 km. og er yfir erfða fjallvegi og þverhnípta sjávarmúla og skriður að fara, þar sem harður vetur getur hamlað för um svæðið. Það var því ekki að ástæðulausu að heimamenn fóru að beina sjónum sínum til hinnar öru þróunar í upplýsingatækni með lausn í huga.<sup>5</sup>*

Til að fara á milli skólanna þarf að fara yfir háa fjallvegi og er vegalengdin á milli Birkimels og Patreksfjarðar (Kleifaheiði) um 40 km, frá Patreksfirði og til Tálknafjarðar (Miklidalur) um 19 km og frá Tálknafirði og til Bíldudals (Hálfván) um 12 km (Mynd 1).

<sup>5</sup> Dreifmenntun 2006



**Mynd 1: Vegakort á milli Birkimels, Patreksfjarðar, Tálknafjarðar og Bíldudals.**

Skólarnir sem um ræðir eru tveir, annars vegar Grunnskóli Tálknafjarðar sem hefur verið með um 50 nemendur. Hins vegar er það Grunnskóli Vesturbyggðar sem skiptist upp í þrjár deildir, Patreksskóla á Patreksfirði sem er með um 100 nemendur, Birkimelsskóla á Barðaströnd og Bíldudalsskóla sem hvor um sig er með liðlega tuttugu nemendur.

Þetta eru meginástæður þess að farið var að beina sjónum að því hvort tölvu- og upplýsingatæknin gæti leyst þau vandamál sem þessar aðstæður skapa í svo fámennu byggðarlagi sem Vestur-Barðastrandarsýsla er. Auk þess voru uppi hugmyndir að nýta þessa tækni til að þróa og bæta námsaðstæður nemenda, t.d. með því að nýta betur sérþekkingu kennara, og gera námið fjölbreyttara.

### 3.4. Skólaþróunarverkefni

Í mars 2002 var undirrituð viljayfirlýsing af menntamálaráðherra um fjárstuðning við þróun dreifmenntunar í skólum V.-Barðastrandarsýslu og var síðan formlegur samningur undirritaður af fulltrúum menntamálaráðuneytisins, bæjarstjórnar Vesturbyggðar og hreppsnefndar Tálknafjarðar í ágúst 2003 og átti hann að gilda frá undirritun til janúar 2006. Samningurinn var framlengdur til loka skólaársins 2006, m.a. vegna verkfalls kennara árið 2004. Í samningi menntamálaráðuneytis og sveitarfélaganna í V.-Barðastrandarsýslu koma fram markmið verkefnisins en þar segir: „Meginmarkmið þessa verkefnis er að nýta upplýsingatækni í þágu fræðslustarfs í grunnskólum sveitarfélaganna og leitast þannig við að efla það og bæta og styrkja stöðu byggðanna. Helstu áhersluatriði eru:

- Að þróa samkenndu og efla samstarf milli skóla á svæðinu
- Að auka og bæta gæði og fjölbreytni námsins
- Að kanna möguleika á hagræðingu í skólalæddi með auknu samstarfi á milli skóla með upplýsinga- og samskiptatækni.“

Upphaflega var skipuð verkefnisstjórn fyrir verkefnið. Verkefnisstjórnin var skipuð skólastjórnendum grunnskólanna auk fulltrúa frá menntamálaráðuneyti og sveitarfélögunum. Verkefnisstjórnin hefur haft það hlutverk að fylgjast með innleiðingu og framkvæmd dreifmenntunarverkefnisins og gera áætlun um frekara framhald. Ráðinn var verkefnisstjóri að verkefninu en hann hætti störfum á miðju tímabili og við hlutverki hans tók þá fulltrúi menntamálaráðuneytis. Í upphafi var gengið frá því að Kennaraháskóli Íslands veitti kennslufræðilega ráðgjöf við úrlausn þróunarverkefnisins.

Einn mikilvægasti þáttur við gerð skólaþróunarverkefnis er mótun verkefnisins og innleiðing. Skólaþróunarfræði benda á að mikilvægt sé að gefa öllum hagsmunaaðilum eða fulltrúum þeirra tækifæri til að koma að mótun verkefnisins og að það sé síðan kynnt sem víðast til að skapa samstöðu og sammæli um það. Þá er mikilvægt að huga að þeim

þjörgum sem nauðsynlegar eru til þess að framkvæmd verkefnisins geti gengið sem greiðast fyrir sig.<sup>6</sup>

Við innleiðingu dreifmenntunarverkefnisins var keyptur nauðsynlegur búnaður sem fólst í fjarfunda-, tölvu-, hug- og öðrum tæknibúnaði. Auk þess var hafist handa við þjálfun og endurmenntun kennara til að nota búnaðinn og takast á við fjarkennslu. Markmið námskeiðanna voru að kennarar öðluðust færni í að nota hin ýmsu tæki og forrit í upplýsingatækni. Þá sóttu kennarar námskeiðið „*kennsla í fámennum skólum*“ sem veitti þeim fjórar einingar á háskólastigi. Í Áfangaskýrslu nr. 1 kemur fram að til að gera fjarfundabúnað handgengnari kennurum og að allir kennarar fengju að kynnast honum þá voru kennarafundir með þátttöku allra skólanna haldnir í fjarfundabúnaði og þá fóru einnig fram bekkjakynningar milli skóla þar sem nemendur gátu ræðst við í gegnum búnaðinn.

Upphaflega var við það miðað að tengja námshópa á allt að fjórum stöðum saman í eina kennslustund með fjarfundabúnaði og tölvum. Einn kennari annaðist kennsluna bæði í gegnum fjarfundabúnað og í kennslustofu hjá sér. Fjarfundabúnaðurinn virkar þannig að nemendum er safnað saman í kennslustofur á hverjum stað. Myndavélar eru í hverri kennslustofu ásamt sjónvarpsskjá og geta bæði kennari og nemendur fylgst með því sem fram fer í öllum kennslustofum í einu á skjánum. Til viðbótar fjarfundabúnaði hefur sérhver nemandi fartölvu til afnota þar sem hann hefur aðgang að verkefnum sem kennari hefur undirbúið fyrir tímann og vinnur þau þar. Nemandi getur þannig ýmist haft samband við kennara á fjærenda með því að tala í myndfundabúnaðinn eða með því að senda honum skilaboð í gegnum tölvuna vilji hann ekki að aðrir nemendur heyri fyrirspurn sína eða ábendingu.

Fjarkennsla þátttökuskólanna hefur þróast á meðan á dreifmenntunarverkefnið hefur staðið yfir. Það fyrirkomulag að hafa nemendur hjá kennara meðan hann stjórnaði tækjabúnaði og kenndi í fjarfundi

---

<sup>6</sup> Rúnar Sigbórsson o.fl. 1999.



reyndist ekki nógu vel. Bæði reyndist það erfitt fyrir kennara að hafa yfirsýn um leið og hann þurfti að stjórna tæknibúnaði og þá fannst kennurum nemendur á næranda trufla nemendur á fjærenda. Því var fljótlega hætt að hafa nemendur á næranda og kennari gat einbeitt sér að fjarkennslunni og stjórnun tæknibúnaðar. Með tilkomu Netskólans, sem er íslenskt náms- og kennslusamfélag sem fyrirtæki, stofnanir, skólar og einstaklingar geta nýtt sér, urðu einnig breytingar sem felast í því að auðveldara er að leggja upp verkefni fyrir nemendur, koma á framfæri skilaboðum til þeirra, fylgjast með úrlausnum þeirra og meta þær.

### **3.5. Yfirlit fjarkennslunnar 2003-2006**

Innleiðing dreifmenntunarverkefnisins hófst haustið 2003. Áhersla var lögð á fræðslu til kennara. Á skólaárinu 2003–2004 var lögð áhersla á að kennarar öðluðust færni í að nota upplýsinga- og tölvutækni sem fjárfest var í upphafi skólaársins vegna verkefnisins. Haldin voru kennaranámskeið fyrir vestan og einnig fóru kennarar suður til Reykjavíkur á námskeið. Kennara- og bekkjafundir voru haldnir til að þjálfa kennara og nemendur til að nota fjarfundabúnaðinn. Stutt námskeið í eðlisfræði fyrir eldri nemendur var skipulagt og framkvæmt í fjarkennslu. Kennt var frá Patreksfirði til Tálknafjarðar, Bíldudals og Birkimels og voru nemendur á öllum stöðunum.

Skólaárið 2004–2005 var lögð áhersla á fjarkennslu í eðlisfræði, íslensku og samfélagsfræði hjá elstu bekkjum skólanna. Vegna verkfalls grunnskólakennara haustið 2004 frestaðist framkvæmd fjarkennslunnar fram á árið 2005. Tókst að gera nokkrar tilraunir með fjarkennslu þar sem kennarar skiptu á milli sín kennslunni. Á skólaárinu var byrjað að nota Netskólann til stuðnings við fjarkennsluna. Netskólinn er íslenskt náms- og kennslusamfélag á netinu. Í Netskólanum geta skólar, fyrirtæki eða stofnanir haldið úti vef og boðið notendum sínum að útbúa eigin vefsíður og sækja sér menntun, ýmist upp á eigin spýtur á námskeiðum sem eru án reglulegrar kennslu,

eða á námskeiðum sem kennarar hafa umsjón með og stjórna. Námskeiðin eða námið getur verið að öllu leyti á netinu eða sem stuðningur við hefðbundið nám.<sup>7</sup>

Netskólinn er íslensk hönnun og hefur frá upphafi verið mikil áhersla lögð á að hanna námsumhverfið á þann hátt að það sé í senn sveigjanlegt og notendavænt. Samskiptakerfi Netskólans er einn af grunnþáttum þess, notast er við samskiptamáta eins og innankerfispóst til að senda tilkynningar og áminningar. Umræðuþræðir í netskólanum eru byggðir þannig upp að kennarar geta á einfaldan hátt séð virkni nemenda. Rauntímaspjall er notað til að nemendur og kennarar geti skipst á upplýsingum í rauntíma. Að lokum er tölvupóstur notaður til að senda upplýsingar út úr kerfinu. Kennarar geta sett inn námsefni, t.d. glærur, hljóðupptökur, verkefni eða venjulegan texta sem nemandinn opnar og les eða leysir úr í sinni tölvu. Hægt er að fylgjast með hvernig nemandanum gengur að fara yfir námsefnið, en úrlausnir og yfirferð hans færast sjálfkrafa inn í Netskólann.

Við lok þessa skólaárs höfðu flestir kennarar þekkingu á þeim tæknibúnaði sem notaður var til fjarkennslunnar og höfðu að nokkru leyti á valdi sínu mikilvægar kennsluaðferðir sem til þurfti.

Þegar skólaárið 2005–2006 hófst var sú breyting gerð á fjarkennslunni að hætt var að hafa nemendur á nærenda, þ.e. í stofu hjá fjarkennara. Kennarinn er einn fyrir framan myndavélina á nærenda með tölvu sína og stýrir námi nemenda á fjarenda í gegnum fjarfundabúnað og nýtir Netskólann og önnur samskiptaforrit s.s. MSN til að koma rafrænum gögnum á milli kennara og nemenda. Ekki er gert ráð fyrir að aukakennari eða umsjónarmaður sé staddur í kennslunni hjá nemendum á fjarenda. Þessi breyting var gerð eftir að skólastjórar Grunnskóla Vesturbyggðar og Tálknafjarðar höfðu heimsótt bæina Turku og Velkua í Finnlandi þá um vorið til að kynna sér fjarkennsluhætti. Þar hefur skapast nokkur reynsla af dreifmenntunarkennslu sem skipulögð

---

<sup>7</sup> Netskólinn 2006.

er með fjarfundabúnaði. Eftir þá ferð skólastjóranna var einnig ákveðið að skólaárið 2005–2006 skyldu ekki hafðir nemendur á nærenda í stofu hjá kennara en Finnar höfðu rekist á sömu vandamál og íslenskir kennarar við að hafa nemendur á nærenda og því ákveðið að láta af því.

Á skólaárinu voru eðlisfræði og íslenska í 9. og 10. bekk kenndar í reglulegum kennslustundum samkvæmt stundatöflu. Þetta var í fyrsta lískipti sem þessar tvær greinar voru fjarkenndar skv. sameiginlegri kennsluáætlun en fram að þeim tíma hafði kennslan að mestu farið fram í formi námskeiða utan stundatöflu. Nemendur í Patreksskóla voru ekki með í fjarkennslunni en þaðan var kennt og kennari við skólann annaðist kennsluna. Auk þessa voru ýmsar tilraunir gerðar þetta skólaárið til að aðrir nemendur skólanna fengju tækifæri til að prófa að nema með fjarfundabúnaði. Héldu kennarar Bíldudalsskóla, Patreksskóla og Grunnskóla Tálknafjarðar námskeið fyrir nemendur á yngsta stigi í íslensku, nemendur Patreksskóla og Birkimelsskóla í 7. og 8. bekk fengu námskeið í dönsku með þessum hætti.

Á yfirstandandi skólaári hefur dregið úr fjarkennslu á milli skólanna. Aðeins eðlisfræði er fjarkennd og fastsett á stundaskrá. Kennslufyrirkomulag er með sama hætti og á skólaárinu 2005–2006.

## 4. GÖGN OG AÐFERÐIR

Meginmarkmið úttektarinnar er að meta árangur dreifmenntunarverkefnisins sem stóð frá 2003 til 2006. Spurningin sem höfð var að leiðarljósi við úttektina var: *Hver er ávinningurinn af dreifmenntun í V-Barðastrandarsýslu, hvað tókst vel og hvað hefði betur mátt fara?*

Lögð var áhersla á að skoða eftirfarandi þætti:

- Árangur dreifmenntunar í skólastarfinu og möguleikar og takmarkanir þessa kennsluforms.
- Þáttur þróunarverkefnisins í því að auka gæði og fjölbreytileika námsins með samkennslu milli skóla.
- Áhrif samkennslunnar m.t.t. landfræðilegrar legu skóla, þ.e. hvort og hvernig tölvu- og upplýsingatæknin hefur brúað bilið milli skóla.
- Viðhorf nemenda, foreldra, kennara og skólastjórnenda til þróunarverkefnisins og samvinna þessara aðila innan skóla og milli skóla.
- Áhrif dreifmenntunar á rekstur skólanna.
- Möguleikar á að yfirfæra dreifmenntunarlíkanið til annarra staða.

Til að fá sem skýrasta mynd af því hvernig dreifmenntunarverkefnið hefur farið fram voru skoðuð fyrirliggjandi gögn en einnig aflað nýrra upplýsinga með viðtölum.

### 4.1. Fyrirliggjandi gögn

Rýnt var í fyrirliggjandi gögn úr skýrslum, dagbókum o.fl. sem gerðar voru áður en verkefnið hófst, á meðan á verkefninu stóð og eftir að verkefninu lauk. Gögn þessi eru:

- Áfangaskýrsla 2004 Dreifmenntun V-Barð.
- Ásdís Ásgeirsdóttir (2006). Danska - dreifmennt, 27. okt – 24. nóv 2005. Námskeið fyrir 7. og 8. bekk.
- Ásdís Snót Guðmundsdóttir, Kristín G. B. Jónsdóttir og Magnea G. Guðmundsdóttir (2006). Dreifmennt: skýrsla um námskeið í íslenskukennslu í yngsta stigi í Grunnskóla Vesturbyggðar og Grunnskóla Tálknafjarðar.
- Dreifmennt haustönn 2005: matsblað – svör nemenda.
- Dreifmennt miðönn 2006: matsblað – svör nemenda.
- Dreifmennt: kennsla um fjarbúnað og gegnum Netskólann: Íslenska í 9.og 10. bekk: Hjóðfræði.
- Dreifmenntun í grunnskólum Vestur Barðastrandarsýslu: áfangaskýrsla nr. 1 (2004).
- Dreifmenntun í grunnskólum Vestur Barðastrandarsýslu: áfangaskýrsla nr. 2 (2005).
- Dreifmenntun í grunnskólum Vestur Barðastrandarsýslu 2003 til 2006: Áfanga- og lokaskýrsla dreifmenntunarstjórnar (2006).
- Greinargerð um endurmenntun vegna verkefnisins Dreifmenntun V – Barð.
- Handbók Grunnskóla Tálknafjarðar 2005-2006.
- Menntamálaráðuneytið (2006). Erindisbréf vegna úttektar á dreifmenntun í grunnskólum í Vestur-Barðastrandarsýslu.
- Nanna Sjöfn Pétursdóttir (2006). Dreifmennt – dagbók Nönnu Sjafnar skólaárið 2005-2006.
- Nanna Sjöfn Pétursdóttir (2006). Þróunaráætlun: dreifmenntunarkennsla í Grunnskóla Vesturbyggðar.
- Rannveig Haraldsdóttir (2006). Dreifmenntun: vorskýrsla 2006 í eðlisfræði. 9. – 10. bekkir í Bíldudalsskóla, Birkimelsskóla og Grunnskóla Tálknafjarðar.
- Samningur: um dreifmenntun í grunnskólum V-Barðastrandarsýslu (2003).

- Skólavísir Grunnskóla Vesturbyggðar 2006-2007. Sótt af vefsíðu skólans <http://www.grunnskolvesturbyggdar.is/>
- Yfirlit yfir efni funda dreifmenntunarstjórnar: Fundir verkefnastjórnar frá 6. júní 2005 til 30. maí, 2006.

#### 4.2. Viðtöl

Eigindlegra gagna var aflað með viðtölum, sem framkvæmd voru 6. október 2006. Viðtöl voru tekin við fulltrúa verkefnisstjórnar, fulltrúa foreldra og skólafólk, nánar tiltekið:

- Skólastjóra grunnskóla Vesturbyggðar.
- Skólastjóra grunnskóla Tálknafjarðar.
- Rýnihóp nemenda á Tálknafirði og Bíldudal.
- Rýnihóp kennara.
- Formann verkefnisstjórnar.
- Fulltrúa foreldra.

Viðtölin voru hálfstöðluð á þann hátt að viðtalsrammi var útbúinn fyrirfram með tilteknum meginspurningum (sjá viðauka 1). Viðtalsrammarnir sem lagðir voru til grundvallar bæði í viðtölunum og í rýnihópum voru mjög líkir en spurningarammi fyrir nemendur var frábrugðin að undanskyldum nokkrum spurningum. Allir voru spurðir um hverjir kostir og gallar væru á dreifmenntuninni, hvort viðkomandi hafi fengið góða kennslu eða fræðslu um tæknibúnaðinn og/eða verkefnið. Skólastjórar, kennarar, foreldri og formaður verkefnisstjórnar voru m.a. spurð hvernig hafi gengið að nýta dreifmenntunarverkefnið til að bæta og styrkja stöðu byggðanna. Þau voru spurð hvort samstarf skólanna hafi aukist, hvort gæði og fjölbreytileiki námsins hafi aukist og hvert þau teldu viðhorf kennara, nemenda og foreldra almennt vera. Spurningar til nemenda beindust meira að kennslunni sjálfri og félagslegum þáttum skólahaldsins. Var m.a. spurt um hvort nægilegur friður væri í skólastofunni í fjarkennslu, hvernig gengi að ná

sambandi við kennarann, hvort þau hafi eignast góða vini og hvort þau teldu sig vera nægjanlega undirbúin fyrir framhaldsnám.

Öll viðtölin og samræður í rýnihópum voru tekin upp á stafrænt upptökutæki og unnið úr þeim við framsetningu niðurstaðna.

## 5. GREINING OG NIÐURSTÖÐUR

Í þessum kafla verður fjallað um helstu niðurstöður, annarsvegar úr viðtölum sem tekin voru við hagsmunaaðila verkefnissins og hinsvegar úr fyrirbyggjandi gögnum.

Rýnihópur nemenda samanstóð af nemendum frá Tálknafirði og Bíldudal. Þessir nemendur voru í fjarkennslu í eðlisfræði á elsta stigi á haustönn 2006 og höfðu ekki áður verið í fjarnámi að einum nemenda undanskyldum. Það vantaði fulltrúa frá Birkimel og einnig frá Patreksskóla. Rýnihópur kennara var skipaður kennurum sem bæði höfðu komið að dreifmenntunarkennslu og kennurum sem ekki höfðu komið að kennslunni nema af afspurn. Tveir kennarar voru frá Bíldudal en nokkrir frá Patreksskóla, ekki voru kennarar frá Tálknafirði né Birkimel. Óskað var eftir því að fá að hitta fulltrúa frá foreldraráðum beggja skólanna. Því miður mættu foreldraráðin ekki til fundar við úttektaraðila en eitt foreldri úr Patreksskóla kom og veitti gagnlegar upplýsingar.

### 5.1. Undirbúningur fjarkennslunnar

Skv. áfangaskýrslu nr. 1, 2004 um dreifmenntun í grunnskólum Vestur-Barðastrandarsýslu fóru kennarar í upphafi á ýmis námskeið til að ná tökum á nýrri tækni og nýju kennsluumhverfi. Dæmi um þessi námskeið eru:

- Netskólinn í námi og kennslu.
- Notkun rafrænna miðla við kennslu.
- Endurmenntun í námsgreinum.
- Ýmiss námskeið í upplýsingatækni.
- Kennsla í fámennum skólum.

Beindist þessi þjálfun að miklu leyti að tæknilegum þáttum en minna að kennslufræðilegum þáttum að sögn skólastjóra grunnskóla



Tálknafjarðar. Ástæðuna taldi hann vera að ekki væri til kennslufræðilegt efni til þjálfunar né þekking á kennslu af þessu tagi mikil hér á landi. Kennarar töldu þetta vera einn af ókostum verkefnisins og sagði einn kennarinn að sér myndist: „ofuráhersla lögð á einmitt að við myndum þekkja tæknina og tæknihliðina á þessu verkefni en ekki kennslufræðilega, hvaða kennsluaðferð myndi henta og hvernig við getum frætt nákvæmlega hvern nemanda.“ Hins vegar kom fram hjá þeim að ástæðan væri líklega sú að þetta kennslufræðilega efni eða þekking væri ekki til hér á landi. En þeir voru sammála um að með einhverjum hætti hefði mátt eyða meiri tíma í kennslufræðilega þáttinn. Bentu kennarar einnig á að í Finnlandi þar sem þetta kennslufyrirkomulag hefur verið í þróun í nokkurn tíma var ekki lögð ofuráhersla á tæknina. Þetta hefði orðið til þess að þeir hafi svolítið þurft að finna sínar leiðir við kennsluna en það hefði jafnframt haft í för með sér mikla vinnu og álag.

Kennarar töldu þó að þau námskeið sem haldin voru meðal starfsmanna og sú reynsla sem fengist hefði af dreifmenntunarverkefninu um tölvu- og upplýsingatækni hefði komið sér vel fyrir alla aðila. Kennarar og nemendur væru orðnir mun leiknari í að nota tölvu- og upplýsingatækni við nám og til kennslu en í upphafi verkefnisins. Bentu kennarar m.a. á að nemendur sem hafa átt í erfiðleikum með að leysa verkefni hafi farið á veraldarvefinn og fundið þannig lausn á því og rekja kennararnir þetta beint til þess að nemendur hafi betri kunnáttu og þekkingu á möguleikum tölvutækninnar. Tölvan er orðin eðlilegur hluti af náminu og segir einn kennarinn, að hún sé orðin „skólataska“ nemendanna. Skólastjóri grunnskólans á Tálknafirði benti hins vegar á að þar hafi þau átt í vandræðum með þróun þessa sökum örtra mannskípta sem olli því að þjálfar þurfti nýja kennara frá byrjun. Því hafi fjarkennsla ekki farið fram frá Tálknafirði seinni hluta tilraunatímabilsins en eingöngu kennt frá Patreksfirði. Þar hafi ekki orðið eins miklar mannabreytingar og meiri stöðugleiki til þróunar kennslunnar. Þróunin hefði því orðið sú að fjarkennslan byggðist ekki á gagnkvæmum skiptum skólanna á kennslu kennara heldur hafi minni

skólarnir orðið þiggjendur frá fjölmennasta skólanum. Meginávinningur þessa alls væri þó sá að geta að mestu uppfyllt ákvæði aðalnámskrár um kennslu einstakra námsgreina án þess að þurfa að vera í stöðugum akstri og tilfærslum með nemendum eða kennara.

Úr skýrslum er varðar dreifmenntunarverkefnið í V.-Barðastrandarsýslu verður ekki séð að nemendur eða foreldrar hafi komið að mótun verkefnisins eða að verkefnið hafi verið kynnt þeim með einhverjum hætti við innleiðingu þess. Fram kemur þó hjá skólastjórum að margir kynningarfundir hafi verið haldnir fyrir foreldra og aðra sem sýnt hafa verkefninu áhuga. Á hverjum fræðslunefndarfundi er að þeirra sögn dagskrárliður um stöðu mála í dreifmenntuninni. Þá hefur verið greint frá verkefninu við skólasetningu og skólaslit á hverju ári og á hverju hausti er kennt á Mentor, sem er heildstætt upplýsingakerfi er eykur upplýsingaflæði innan skólans til foreldra og sveitarfélaga. Sýnikennsla er veitt um Netskólann og fjallað er um dreifmenntunina á bekkjarfundum með foreldrum. Að sögn skólastjóranna stendur foreldrum til boða að koma í heimsókn í skólana til að vera viðstaddir dreifmenntunarkennslu. Þetta var kynnt á heimasíðum skólanna á Mentor, foreldrum sendur tölvupóstur, hringt í þá heim og „jafnvel fólk sótt út á götu“ eins og annar skólastjórinn tók til orða.

## **5.2. Tæknibúnaður**

Fram kemur í áfanga og lokaskýrslu dreifmenntunarstjórnar að mikilvægt sé að geta skapað fullnægjandi umhverfi til kennslunnar, bæði kennslulega- og tæknilega séð. Einnig kemur fram að í upphafi hafi verið fest kaup á fullkomnum tölvu- og upplýsingabúnaði svo hægt sé að skapa þetta umhverfi. Aftur á móti virðist þetta vera sá þáttur sem hefur verið hvað erfiðast að framkvæma með fullnægjandi hætti.

Skólastjóri grunnskóla Vesturbyggðar lýsir tæknibúnaðinum á þann hátt að notast er við fjarfundarbúnað við kennsluna sjálfa en hver nemandi er með tölvu til að leysa verkefni í gegnum Netskólann. Allir

viðmælendur eru sammála því að í upphafi hafi verið mikil tæknileg vandamál en þau hafi lagast að miklu leyti. Virðist vera að fjarfundarbúnaðurinn hafi verið sá tækniþáttur sem var til mestra vandræða til að byrja með, „fyrst, þá vorum við í vandræðum með fjarfundarbúnaðinn, hann var að klikka og frjósa“ segir skólastjóri grunnskóla Vesturbyggðar. Skólastjóri grunnskóla Tálknafjarðar segir vandamál tengdum fjarfundarbúnaði vera: „í gæðum símalínunnar, varðandi það að flytja mynd á milli staða“ en bætir við að það sé í mjög góðu lagi núna.

Skólastjóri grunnskóla Vesturbyggðar segir að fjarfundarbúnaðurinn hafi verið erfiðastur að eiga við og þeim hafi jafnvel dottið í hug að í framtíðinni detti fjarfundarbúnaðurinn út og verði þá eingöngu kennt í gegnum tölvunar. Hann heldur áfram og segir að í upphafi hafi verið algengt að ekki náðist samband á milli staða og tímar hafi fallið niður en það er ekki þannig í dag. Aftur á móti benda kennarar á að hljóðið sé óskýrt og það þurfi að vera ör endurnýjun á tækjabúnaði til að halda í við þróunina. Nefndi einn kennarinn m.a. að stækka þyrfti vinnslugetu tölvunnar til að geta notað þá möguleika sem til eru til að búa til verkefni.

Ekki hefur tekist að vera með verklega kennslu í gegnum þennan búnað og setur það mörk varðandi fjölbreytni. Rekja kennarar þetta til þess að ekki sé til staðar nægjanlega góður tækjabúnaður en þeir telja það gæti lagast í framtíðinni með betri tækjabúnaði. Auk þess hefur ekki tekist að kenna ákveðin fög, t.d. stærðfræði því mikilvægt er að geta sinnt einum og einum nemanda í því fagi. Segir einn kennarinn að eflaust væri hægt að leysa þetta vandamál með því að vera með sérstaka töflu þar sem hægt er að teikna upp dæmi þannig að nemendur á fjarenda fylgist með á skjánum og myndi hún þá virka eins og kennslu- tafla í kennslustofu. Slík tafla er til en ekki hefur verið fjárfest í henni enn.

Fram kom í viðtali við kennara og nemendur að mynd á sjónvarpsskjá er á tíðum dimm og óskýr. Að hluta til er ástæðan sú að ekki hefur verið hugað nægilega vel að lýsingu í kennslustofum þar sem fjar-

fundabúnaður er og kennsla fer fram og þá virðist litur á veggjum kennslustofu einnig geta haft nokkur áhrif.

### 5.3. Skólanámskrár

Dreifmenntunarverkefnið fær litla umfjöllun í skólanámskrám skólanna tveggja, Grunnskóla Vesturbyggðar og Grunnskóla Tálknafjarðar. Í skólanámskrá hins síðarnefnda 2005–2006 er gerð grein fyrir þróunarverkefninu. Sagt er frá hver tilgangur verkefnisins er og meginmarkmið þess. Ekki er gerð frekari grein fyrir útfærslu þess í skólanum. Í skólanámskrá Grunnskóla Vesturbyggðar 2006–2007 er einungis fjallað um fjarkennsluna þar sem gerð er umfjöllun um kennsluhætti í skólanum. Svo virðist sem textinn hafi verið tekinn lítt endurskoðaður úr eldri skólanámskrá því þar segir að „sú nýjung verði tekin upp í vetur að kennt verður gegnum fjarfundabúnað milli skóla í nokkrum völdum fögum, auk þess sem nemendur vinna verkefni gegnum tölvur sem þau síðan skila gegnum Netskólann. Þetta er tilraun í tengslum við Dreifmenntunarverkefnið.“

Þess ber að geta að árið 2004 var opnuð vefsíða fyrir skólaþróunarverkefnið með ýmsum upplýsingum um það. Veffang síðunnar er <http://www.dreifmenntun.is> og á heimasíðum skólanna er krækja á þessa heimasíðu. Þar má finna upplýsingar um forsögu verkefnisins, áfangaskýrslu fyrir árið 2004, fréttir af verkefninu og myndir sem teknar hafa verið af nemendum í fjarnámi svo og ýmsum viðburðum er orðið hafa í þróunarverkefninu. Við skoðun síðunnar má þó sjá að efni eða upplýsingar sem þar er hægt að fá eru ekki nýlegar og má í því sambandi benda á að undir lyklinum *Staðan í dag* er einungis að finna áætlun um fjarkennslu 2004–2005. Myndir sem birtar eru á síðunni eru gamlar og þá hafa engar fréttir verið sagðar af verkefninu á þessu skólaári.

#### 5.4. Fjarnám og -kennsla

Viðtöl við hagsmunaaðila benda til að langflestir líti á fjarkennsluna jákvæðum augum og telja reynsluna sýna að hægt sé að nýta það kennsluform með áhrifaríkum hætti. Vissulega komi upp vandamál og segir skólastjóri grunnskóla Vesturbyggðar að: „þetta komi náttúrulega aldrei í staðinn fyrir hefðbundna kennslu“ og bætir síðan við: „en þetta er fínt viðbótarform.“ Skólastjóri grunnskóla Tálknafjarðar segir að miklar tækniframfarir hafi orðið á verkefnistímabilinu bæði hafi möguleikar til samskipta batnað með betri tengingum, nýr hugbúnaður komið til og þá hafi MSN-kerfið breytt heilmiklu fyrir þróun kennslunnar. Hann segir að nemendur og kennarar séu að læra á og venjast kennsluforminu betur og betur. Auk þess segir hann, „að það sé ekkert sem hindrar að þetta kennsluform sé nýtt að einhverju leiti“ en bætir við að vissulega sé erfitt að koma verklegri kennslu fyrir með þessum hætti.

Í mati sem gert var af hálfu verkefnisins og birtist í áfanga- og loka-skýrslu 2006 kemur fram að nemendum finnst gott að vinna verkefni með þessum hætti og nefna þeir sérstaklega að gott sé að vinna í gegnum Netskólann og fá endurgjöf strax. Aftur á móti myndu sumir vilja hafa kennarann hjá sér og einnig finnst sumum kennslan ganga hægt. Í upphafi var vandamál með að ná til kennarans bæði vegna þess að ekki var hægt að tala við hann persónulega og einnig vegna þess að kennarinn var að kenna nemendum á nærenda og skapaðist nokkur truflun af því. Þessi vandamál voru leyst með þeim hætti að ákveðið var að nota MSN- samskiptaforritið fyrir persónuleg samskipti nemenda og kennara og nemenda í milli og þá var hætt að hafa nemendur á nærenda. Kennari getur því einbeitt sér að nemendum á fjærendanum og stjórnun tæknibúnaðarins.

Skv. yfirliti yfir skólaárið 2005–2006 kemur fram að ýmsar aðferðir hafa verið notaðar við kennslu í fjarkennslunni. Í mati verkefnisstjórnar sem birtist í áfangaskýrslu 2005–2006 segir um það markmið verkefnisins að auka gæði og fjölbreytni námsins hafi náðst að hluta, en þar segir ennfremur.

*Með vísan í kafla áfangaskýrslu skólaársins 2005–2006 um kennsluaðferðir er hægt að staðfesta að fjölbreytni kennsluaðferða og samskiptahátta í kennslunni hefur aukist. Notkun fjarfundabúnaðar, tölvupósts o.fl. er viðbót við þar aðferðir sem áður voru notaðar í grunnskólanum. Með vísan í að fjölbreyttar aðferðir séu líklegri til að koma betur til móts við þarfir nemenda er víst að gæðin hafi aukist frá því sem áður var og aðrar óskilgreindar aðferðir voru notaðar.*

Í lok haustannar 2005 lögðu nemendur mat á fjarnámið í íslensku og eðlisfræði. 38,5% (5) nemenda svöruðu því til að þeim hefði gengið illa í fjarnámi í íslensku en 61,5% (8) svöruð að þeim hefði gengið vel eða ágætlega. Einungis 23% (3) nemenda sögðu sér hafi gengið illa í eðlisfræði en 77% (10) kváðu sér hefði gengið vel eða ágætlega. Í heild fær íslenskan lakari heildareinkunn hjá nemendum eða 6 en eðlisfræðin fær 8. Nemendur gefa sjálfum sér 7,5 í námskeiðseinkunn og heimanáminu 7. Sambærilegt mat var gert á miðönn 2006 og þá voru niðurstöðurnar nokkuð aðrar. Þá taldi enginn sér hafi gengið illa í íslensku en 93% (13) sögðu sér hafi gengið vel eða ágætlega. 7% (1) treysti sér ekki til að leggja mat á árangur sinn. 71,5% (10) sögðu að sér hefði gengið vel eða ágætlega í eðlisfræði, 21,5% (3) sögðu þeim hefði gengið illa en 7% (1) treysti sér ekki til að leggja mat á árangur sinn. Þegar nemendur voru beðnir um að leggja mat á námskeiðið hafði íslenskan hækkað um einn heilann í 7 en eðlisfræði lækkað í 7

Telja skólastjórar beggja skólanna, kennarar, formaður verkefnisstjórnar og foreldri að því markmiði sem lýtur að gæðum hafi verið náð. Kennarar benda m.a. á að verið sé að nýta kennara í eðlisfræði með réttindi til að kenna frá Patreksfirði yfir til Bíldudals og Tálknafjarðar þar sem vantar kennara með slík réttindi. Varðandi árangur nemenda með þessu kennsluformi bentu kennarar á að í samræmdum prófum í eðlisfræði kom í ljós að nemendur í fjarkennslu sýndu sambærilegan árangur og þeir nemendur sem fengu hefðbundna kennslu. Sveigjanleiki í námsmati hefur verið meiri með þessu kennsluformi en því hefðbundna. Kennarar segja að þeir hafi aukið vægi skólaeinkunnar og minnkað vægi prófeinkunnar.

Aftur á móti benda þeir einnig á að þessi tegund kennslu er eingöngu notuð þegar vöntun er á kennara, en ekki notað til að auka fjölbreytni í

námi. Hins vegar telja kennarar að enginn vafi leiki á að hægt sé að nýta þetta kennsluform til að auka fjölbreytni til náms og bæta við að: „það væri nú sorglegt“ ef þetta kennsluform yrði eingöngu notað þegar vantar kennara.

Foreldri telur að mikilvægt sé að nýta möguleikann til fjölbreytilegs náms betur. Bendir hann á að mikilvægt sé að skoða möguleikann á að fá fjarkennslu frá enn stærri skólum. Þá gætu nemendur Patreksskóla ásamt hinum skólunum haft um fleiri fög að velja sem leiddi af sér meiri fjölbreytni.

Einn stærsti kostur þessa kennsluforms er að mati skólastjóra beggja skólanna og kennara sá að nemendurnir þurfa bæði að temja sér sjálfstæðari vinnubrögð og meiri aga en í hefðbundnu kennsluformi. Finnst þeim þetta skila sér yfir í annað nám og að einnig verði nemendurnir mun betur undirbúnir undir fjarframhaldsnám eins og t.d. er til staðar á Grundarfirði. Hins vegar bendir skólastjóri grunnskóla Vesturbyggðar á að þau hafi lent í vandræðum með sérkennslunemendur, því þeir hafi átt í erfiðleikum með að halda aga og aðlagast kennslufyrirkomulaginu. Sagði hann frá því að í Finnlandi hefði komið upp sama vandamál. Í dreifmenntunarverkefninu hefði þetta verið leyst í þeim tilfellum sem á hefði þurft að halda með því að fá starfsmann skólans til að sitja eða hafa eftirlit með nemendum í fjarkennslutímum.

### **5.5. Félagsþættir**

Einn af helstu kostum dreifmenntunarverkefnisins að mati allra viðmælenda eru aukin og bætt samskipti á milli skólanna, bæði á milli nemenda og kennara. Að mati skólastjóra grunnskóla Vesturbyggðar lýtur þó einnig stærsti ókostur fjarkennslunnar að félagsþáttum þ.e. mannlegum tengslum sem tæknibúnaðurinn nái ekki að uppfylla. Bæði nemendur og kennarar hafa kvartað yfir þessu atriði. Af viðtölum að ráða virðist hins vegar að vel hafi tekist að vinna gegn þessu því nemendur virðast ná vel saman og mynda ákveðin félagsleg tengsl. Bæði hjá kennurum og skólastjórum kom það fram að forsenda þess væri að

í upphafi hvers námskeiðs hafi nemendurnir og kennari eða kennarar hist til að kynna. Þetta fyrirkomulag hjálpaði mikið við að taka mesta „sviðsskrekkin“ úr hópnum. Þessar niðurstöður styðja niðurstöður eldri rannsókna um fjarnám þar sem bæði nemendur og kennarar leggja áherslu á að hittast við upphaf námskeiðs til að auðvelda samskipti annarsvegar milli kennara og nemenda og hinsvegar á milli nemenda í námskeiðinu.<sup>8</sup>

Fjarnemendur í Vesturbyggð fóru fljótlega að tala við kennarann eins og þeir nemendur sem nær voru. Sem dæmi um það hversu vel nemendur hefðu kynnst greindu bæði kennarar og skólastjórar frá því að afmælissöngurinn hljómaði um alla Vesturbyggð og Tálknafjörð í gegnum búnaðinn í hvert sinn sem einhver nemendanna átti afmæli. Nemendur Vesturbyggðaskólanna og Tálknafjarðarskóla hittast mun meira en áður og nefnir formaður verkefnisstjórnar það sem einn af jákvæðu þáttum verkefnisins að: „hrepparígur í gegnum þessi samskipti ... er að eyðast út.“

Þegar nemendurnir sjálfir eru spurðir út í hvað þeim finnst gott við þetta kennsluform er eitt það fyrsta sem þau nefna að þau geta lært með stærri hóp. Þeim þykir mikilvægt að geta lært með stærri hóp og þeim finnst þau vera hluti af stærri hóp en ella. Þegar þau eru spurð um það hvernig þau eiga samskipti sín á milli nefna þau MSN, símtöl og skólaböll. Að vísu kvörtuðu nemendur Tálknafjarðarskóla yfir því að skólaböllin væru innan hvers skóla og því eru sameiginleg skólaböll hjá deildum Vesturbyggðaskólans en Tálknafjarðarskóli stendur einn og sér. Einn kennarinn benti á að félagsmiðstöðvarnar væru með sameiginleg böll einu sinni í mánuði sem ekki eru á vegum skólans en skólarnir væru að hvetja til meiri samskipta.

---

<sup>8</sup> Þórsteinsdóttir, Guðrún 2005.



## 5.6. Viðhorf og samstarf

Skólastjórnir báðir eru mjög jákvæðir varðandi þetta verkefni og telja þetta mjög mikilvægt fyrir skólana og byggðarfélögin. „Það markmið sem var sett varðandi styrkingu byggðanna mun nást ... og styrkingu skólanna sem slíkra“ segir skólastjóri grunnskólans á Tálknafirði. Honum finnst mjög mikilvægt að svona kennslufyrirkomulag sé til staðar í skólunum, sérstaklega í dreifðum samfélögum og hjá litlum skólum. Bendir hann á að foreldrar veigri sér við því að senda börnin í burtu í framhaldsnám 15 eða 16 ára og því er þetta mikilvægur undirbúningur undir fjarframhaldsskólanám sem hugsanlega verður til staðar á svæðinu í framtíðinni. Vissulega eru þeir sammála að einhverjir hnökrar hafi komið upp og nefna þeir t.d. tæknimálin í því sambandi.

Viðhorf kennara til þessa verkefnis er mjög jákvætt og nota kennararnir orðin „frábært“, „skemmtilegt og spennandi“, „mjög gaman“ og „skemmtileg viðbót.“ þegar þeir eru spurðir hvað þeim finnst um verkefnið. En vandamál eru til staðar og nefna kennarar sérstaklega tæknibúnaðinn og hve mikinn tíma það tekur að undirbúa kennsluna. Formaður stýrihóps, skólastjórar og kennarar eru sammála um að undirbúningsvinnan er mun meiri með þessu kennsluformi en venjulegu kennsluformi. Benda kennarar á að huga verði betur að launamálum áður en farið er í slíka vinnu. En bæta við að á meðan verkefnið er í þróun er líklegt að undirbúningurinn taki lengri tíma en í framtíðinni gæti undirbúningurinn orðið innann eðlilegra marka. Þeim finnst að það þurfi að halda áfram að þróa þetta kennsluform og það megi alls ekki hætta því nú.

Skólastjórar og kennarar segja að viðhorf nemenda til dreifmenntunarverkefnisins hafi yfirleitt verið jákvætt. Í upphafi voru nemendur nokkuð jákvæðir þrátt fyrir tæknilega erfiðleika og breytta kennslu-hætti, aftur á móti hefur viðhorfið batnað enn meira eftir því sem á verkefnið hefur liðið.

Að mati beggja skólastjóranna er viðhorf foreldra mjög jákvætt til dreifmenntunarverkefnisins. Sú niðurstaða kemur einnig fram í viðhorfskönnun sem gerð var í maí 2006 meðal foreldra Patreksskóla og Bíldudalsskóla. Ekkert foreldri sem þátt tók í könnuninni var óánægt með verkefnið en helmingur foreldra voru í meðallagi ánægðir með verkefnið í Bíldudalsskóla en um 36% í Patreksskóla. Aðrir töldu sig mjög ánægða. Á hinn bóginn kemur fram í könnuninni að 37% foreldra í Patreksskóla og 12% foreldra í Bíldudalsskóla töldu sig ekkert vita um verkefnið. Þessi niðurstaða fannst skólastjórum umhugsunarverð og fela í sér þversögn. Töldu þeir hana gefa til kynna ákveðið afskiptaleysi foreldra af því sem fram færi í skólunum því reynt hefði verið af bestu getu að koma á framfæri upplýsingum um verkefnið.

### **5.7. Áhrif dreifmenntunar á rekstur skólanna**

Í áfanga- og lokaskýrslu dreifmenntunarstjórnar 2006 kemur fram að dreifmenntunarverkefnið hefur ekki haft áhrif á rekstur skólanna. Á meðan á verkefninu hefur staðið hefur það fengið regluleg framlög frá menntamálaráðuneyti og sveitastjórnnum skv. samningi. Farmlög þessi hafa verið notuð til tækjakaupa, námskeiðshalda, til að greiða verkefnisstjórn og til að greiða samning sem gerður var við Kennaraháskóla Íslands varðandi endurmenntunarráðgjöf. Greitt var fyrir ferðir á fundi og ráðstefnur. Einnig var greitt fyrir hugbúnað og áskrift að Netskól-anum. Sérstakur samningur var gerður við kennara í fjarkennslu vegna aukins undirbúnings en venjuleg kennaralaun voru greidd af sveitarfélaginu.

Ein af ástæðum þess að farið var út í þetta verkefni var til að athuga hvort hagræðing verði fyrir sveitarfélögin varðandi rekstur skólanna. Verkefnið sem slíkt hefur að mati skólastjóra og kennara orðið til góðs fyrir skólanna, t.d. er tækja- og tölvubúnaður góður í skólunum fyrir vikið. Einnig telja þeir að með samkennslu á milli skóla munu kennara tímar sparast. En aukinn undirbúningur kennara sem og dýrari tækja-

búnaður og sífelld endurnýjun á honum kemur líklega til með að strika út þann sparnað. Verður því líklegast um yfirfærslu í kostnaði að ræða. Það er a.m.k. skoðun formanns verkefnastjórnar. Aðspurður hvort hann sæi fyrir sér að þetta kennsluform gæti orðið til lækkunar í rekstrarkostnaði svarar hann: „nei það sé ég ekki ... kostnaðurinn fer í aðra átt.“ Bendir formaðurinn hins vegar á að í framtíðinni verði horft til þess að hugsanlega verði búið að þróa ákveðna kennslupakka í ákveðnum fögum til að selja til annarra svæða á landinu.

### **5.8. Möguleikar dreifmenntunarlikansins**

Viðmælendur voru sammála því að möguleikar þessa verkefnis væru miklir og með meiri tækniþróun ættu möguleikarnir eftir að aukast enn meir. Skólastjórnir, kennararnir, og foreldri telja þetta verkefni sýna hve mikilvægt það er fyrir minni skólanna og segir skólastjóri Grunnskólans á Tálknafirði að slíkt kennslufyrirkomulag ætti að vera til staðar hjá litlum skólum og dreifðum samfélögum. Auk þess bendir foreldri á þann möguleika að hjálpa skólum eins og Patreksskóla til að auka fjölbreytni í fögum. Formaður verkefnisstjórnar telur mjög mikilvægt að halda áfram þróunarvinnunni og byggja á þeirri þekkingu sem þegar hefur verið fengin. Sem dæmi nefnir hann að haldið verði áfram með fjarkennslu í eðlisfræði sem er kominn lengst í þróun og útbúa mætti „kennslupakka í eðlisfræði“ sem jafnvel væri hægt að fara með á önnur svæði landsins og kenna hann þar.

## 6. UMRÆÐA

Í þeirri úttekt sem hér er gerð á dreifmenntunarverkefninu í V.-Barðastrandarsýslu er leitast við að svara þeirri meginspurningu hver ávinningurinn sé af dreifmenntun í V-Barðastrandarsýslu, hvað tókst vel og hvað hefði betur mátt fara. Allir sem komu að verkefninu eru sammála um það að verkefnið hafi tekist vel og möguleikarnir séu miklir.

Í meginatriðum verður ekki annað séð en umtalsverður ávinningur hafi orðið af dreifmenntunarverkefninu. Niðurstöðurnar sýna að félagsleg tengsl milli nemenda á svæðinu sem verkefnið náði til hafa aukist, einkum meðal nemenda fámennari skólanna. Sú niðurstaða er áhugverð í sjálfu sér og kann að skýrast af því að nemendur Patreksskóla eru ekki þátttakendur í dreifmenntunarverkefninu með sama hætti og nemendur í fámennari skólunum. Nemendur upplifa sig þátttakendur í stærrri heild og fram kemur að dregið hafi úr hrepparíg þeirra á meðal. Án vafa hefur verkefnið einnig stuðlað að auknu sjálfstæði nemenda í námi. Áhugavert var að fylgjast með kennslutíma í fjarkennslunni. Tölvun var nemendum greinilega mjög handgengin, þeir stunduðu nám sitt án nærveru kennara, hann lagði verkefnin fyrir, nemendur sendu honum hiklaust skilaboð og fyrirspurnir í tölvunni án þess að óttast athugasemdir þar að lútandi frá samnemendum og fengu uppbyggjandi svör skjótt frá kennara. Virtist þetta allt ganga áreynslulítið fyrir sig. Nemendum virtist líða vel í kennslustundinni og vera öruggir í því sem þeir voru að gera og kemur það heim og saman við niðurstöður. Varlegt er að leggja mat á námsárangur nemenda í fjarnáminu til þess er hópurinn enn of fámennur sem tekið hefur samræmd próf eftir fjarnám en fátt bendir enn til að fjarnámið skili þeim ekki eðlilegum námsárangri.

Nemendur Patreksskóla hafa ekki fengið sama tækifæri til þátttöku í dreifmenntunarverkefninu og nemendur í fámennari skólunum eftir að ákvörðun var tekin um að hafa ekki nemendur hjá kennara á nærenda.

Ástæða er til að áfram verði leitað leiða til að skapa þeim tækifæri til að vera virkir þátttakendur í þessari nýbreytni. Þróun tæknimála hefur verið jákvæð þann tíma sem dreifmenntunarverkefnið hefur staðið yfir og því má ætla að með bættum tækjabúnaði og aukinni þekkingu kennara á vinnubrögðum megi leysa þann vanda sem kennarar telja sig standa frammi fyrir með nemendur á nærenda.

Annar athyglisverður ávinningur af verkefninu er að kennsluáðferðir í skólunum hafa orðið fjölbreyttari og samskipti kennara á svæðinu aukist. Þetta má án efa rekja til aukinnar samræðu kennara á svæðinu um fjarkennslu og fjölda kennaranámskeiða sem haldin hafa verið í tengslum við innleiðingu hennar. Þá hafa kennarar öðlast aukna færni í notkun tölvu og forrita sem nýst hefur þeim með einum eða öðrum hætti í kennslu og stuðlað að aukinni notkun ýmis konar forrita í kennslu til aukinnar fjölbreytni.

Í niðurstöðum úttektar Rúnars Sigþórssonar<sup>9</sup> á fjarkennsluverkefninu á Ströndum kemur fram að samband kennara og samskipti við nemendur á fjarenda hafi verið takmörkunum háð. Líkamlega nálægð hafi skort sem var því bagalegra eftir því sem nemendurnir voru yngri. Í Vesturbyggð og Tálknafirði var áhersla lögð á fjarkennsluna í eldri bekkjum svo ekki hefur reynt svo mikið á þessa þætti hvað yngsta nemendahópin varðar. Þá var verkefni Strandamanna ólíkt verkefni V.-Barðstrendinga að því leyti að frá upphafi var áhersla lögð á notkun tölvu við fjarkennsluna ásamt fjarfundabúnaði. Til að vinna gegn fjarlægðinni heimsóttu kennarar nemendur nokkrum sinnum yfir veturinn til að kynna þeim og þau kynntust honum. Þannig var þess freistað að skapa meiri nálægð milli nemenda og kennara og virðist það hafa tekist býsna vel. Þá virðist bæði Netskólinn og MSN hafa opnað samskiptaleiðir milli nemenda og kennara og koma að nokkru leyti í stað hinnar líkamlegu nálægðar, hvort tveggja eru samskiptatæki sem ekki voru til staðar í verkefninu á Ströndum. Með þessum tæknibúnaði gat kennari haft beint samband við nemanda, hrósað

---

<sup>9</sup> Rúnar Sigþórsson 2000.

honum, veitt honum uppörvun eða jafnvel huggað ef á bjátaði án þess að það færi út til allra nemenda eða yrði tilgerðarlegt eða viðkvæmt gagnvart nemendahópnum. Vandí kennara á Ströndum með að fylgjast með vinnu nemenda á fjarenda og Rúnar greindi frá var leyst í Vesturbyggð og Tálknafirði með Netskólanum og virtust kennarar ekki upplifa þennan vanda með sama hætti og kennarar á Ströndum.

Vandí fjarkennslunnar er sjálfsagt hvað mestur ef um veruleg hegðunarvandamál er að ræða í nemendahópnum eða vinnufriður skapaðist ekki. Að sögn skólastjóra og kennara hefur verið við því brugðist á þann hátt að aðstoðarfólk í skólunum eða kennarar sem þar eru geta skorist í leikinn ef á þarf að halda. Bæði skólastjórar og kennarar töldu að þessi vandamál hafi verið minniháttar og því má velta fyrir sér hvort nemendur upplifi ábyrgð sína meiri í fjarnáminu en í hefðbundinni bekkjarkennslu.

Með dreifmenntunarverkefninu hefur skapast tækifæri fyrir skólana alla að fá kennara með sérþekkingu í tiltekinni námsgrein til að annast kennslu á svæðinu án þess það kosti sérstaka kennslutíma í hverjum skóla með tilheyrandi ferðakostnaði og erfiðleikum yfir vetrartíma. Þetta sýnir sig best með kennslu greina eins og eðlisfræði og íslensku í elstu bekkjum grunnskólans í fjarkennslu, kennslugreinar sem ekki er auðvelt fyrir fámenna skóla að sinna. Þannig nýtist mannauðurinn betur í þágu fleiri nemenda og jafnframt ætti að draga úr kostnaði. Miðað við þessar niðurstöður er umhugsunarvert hvers vegna skólarnir nýta sér ekki þessa möguleika betur og meira en gert er nú þegar í skólastarfinu ekki síst í ljósi þess að erfiðlega gengur að manna kennarastöður með menntuðum kennurum. Jafnvel eru færri kennslugreinar kenndar á þessu skólaári í fjarkennslu en á síðasta ári og nemendur á Birkimel taka ekki þátt í fjarkennslu þar sem skólinn taldi sig geta sinnt kennslu þeirra nemenda sem annars hefðu tekið þátt. Niðurstöður benda til þess að enn sem komið er dreifmenntunin sett í annað sætið á eftir hefðbundnu kennslufyrirkomulagi og hún skuli vera víkjandi fáist kennarar eða leiðbeinendur til starfa. Þá kann einnig að

vera að þróun fjarkennslunnar þyki ekki enn nógu langt á veg komin til að hún taki til margra námsgreina og námshópa að sinni.

Líkt og í niðurstöðum Rúnars Sigþórssonar<sup>10</sup> virðast niðurstöður dreifmenntunarverkefnisins í V.-Barðastrandarsýslu benda til þess að þó sparnaður geti orðið á einu sviði myndast nýr kostnaður á öðrum. Þannig gæti hugsanlega sparast kennslukostnaður í skólunum með fjarkennslunni en á móti má telja líklegt að sá sparnaður étist upp í auknum tilkostnaði við tækjakaup en tækniþróunin er svo ör og fjarkennsla á svo miklum upphafsreit. Þá er einnig hugsanlegt að þetta kennsluform geti kallað á einhverja viðbótar umbun til kennara eða breytingu á vinnutíma þeirra sem hefði í för með sér aukinn kostnað.

Af niðurstöðum má ráða að vanda hefði mátt meira innleiðingu verkefnisins. Ef marka má orð kennara virðist áhersla hafa verið lögð á að gera tæknibúnað handgenginn þeim en minni áhersla lögð á að kenna þeim mismunandi kennsluaðferðir. Því hafi mikill tími farið í það af þeirra hálfu að þreifa sig áfram um notkun búnaðarins. Sækja hefði mátt reynslu og þekkingu til annarra þjóða í meira mæli en gert hefur verið.

Þá má hafa efasemdir um það að foreldrum hafi gefist nægileg tækifæri til þátttöku í verkefninu við innleiðingu þess. Foreldrar segja að þeir séu ánægðir með þetta verkefni en þegar þeir eru spurðir um það hvort þeir þekki til þess segjast þeir ekki gera það. Þetta er athyglisvert og kann afstaða foreldra að ráðast að einhverju leyti af því að þeir hafa ekki átt þess kost að koma að mótun verkefnisins eða ákvörðunum er það varðar. Skólarnir gefa ekki miklar upplýsingar um verkefnið í skólanámskrám sínum og þá er erfitt að sjá að menning skólanna sé að einhverju leyti lituð af dreifmenntuninni. Vefur dreifmenntunar veitir tiltölulega takmarkaðar upplýsingar þar sem honum virðist ekki haldið vel við og upplýsingar gamlar. Vefurinn verður því ekki lifandi og dregur þar af leiðandi úr aðsókn á hann. Inni á vef Grunnskóla

---

<sup>10</sup> Rúnar Sigþórsson 2000.

Vesturbyggðar er að finna kynningu gerða af kennurum skólans og vakna spurningar um af hverju hana er ekki að finna á vef dreifmenntunar. Mættu skólarnir að ósekju hugleiða að bæta upplýsingar sem forystuskólar á sviði fjarkennslu á grundvelli upplýsingatækni.

Ástæða er fyrir skólana við gerð skólanámskráa sinna að líta til framtíðar og velta fyrir sér með hvaða hætti líklegt sé að dreifmenntunin þróist eða með hvaða hætti þeir kjósa að hún þróist. Þar þarf að liggja fyrir lýsing á dreifmenntuninni og hvernig hún birtist í skólastarfi hvors skóla. Eigi dreifmenntunin að vera sjálfsagður og eðlilegur hluti námsins í skólunum er mikilvægt að skólanámskrá geri grein fyrir því. Eðlilegt verður að telja að framtíðarsýn skólanna litist með einhverjum hætti af þessum áformum en á grundvelli hennar eru markmið skólastarfsins mótuð, starfsáætlun skólans og áætlanir um nám og kennslu.

Ekki verður annað séð en reynslan sem fengist hefur af dreifmenntunarverkefninu sé í fullu samræmi við reynslu þá sem fékkst af fjarkennslunni á Ströndum. Athyglisvert er hversu líkt kennarar og nemendur upplifa fjarkennsluna bæði á Ströndum og V.-Barðastrandarsýslu. Sömu eða svipuð vandamál virðast hafa komið upp og sömu ágallar komið fram í undirbúningi verkefnisins. Í skýrslu Rúnars Sigþórssonar<sup>11</sup> gagnrýnir hann að foreldrar skyldu ekki hafa fengið gleggri upplýsingar um fjarkennsluna á undirbúningsstigi og kennarar í V.-Barðastrandarsýslu eru þeirrar skoðunar að það hefði einnig þurft að gera í undirbúningi þeirra verkefnis. Þetta leiðir hugann að því hvort skýrsla um tilraunaverkefnið á Ströndum hafi ekki legið fyrir við mótun verkefnisins í V.-Barðastrandarsýslu því ástæða hefði verið til að læra af þeirri reynslu sem þar fékkst.

Eins og á Ströndum bendir allt til að fjarkennsla í Vestur Barðastrandarsýslu sé ekki einungis bæði tæknilega og kennslu-

---

<sup>11</sup> Rúnar Sigþórsson 2000.



fræðilega möguleg heldur einnig að mörgu leyti vænleg leið til að styrkja starf skóla í dreifðum byggðum. Ástæða er til að taka undir orð formanns verkefnisstjórnar um að mikilvægt sé að halda áfram þróunarvinnunni við dreifmenntunarverkefnið og byggja á þeirri þekkingu sem þegar hefur verið fengin.

## HEIMILDIR

- Bates, A.W.Tony. 2005. *Technology, E-learning and Distance Education*. Second edition. London, Routledge.
- Dreifmenntun. 2006. *Um Dreifmenntun V-Barð*. Sótt 23. nóvember 2006 af vefsíðu <http://www.dreifmenntun.is/>
- Netlearning 2006. *Pedagogiskt nyskapande genom nätbaserat lärande*. Sótt 10. október 2006 af vefsíðu <http://www.netlearning.se/2006/>
- Netskólinn. 2006. *Um netskólann*. Sótt 23. nóvember 2006 af vefsíðu <http://www.netskoli.is/adalsida.asp?Stofnun=1>
- Rúnar Sigþórsson, Börkur Hansen, Jón Baldvin Hannesson, Ólafur H. Jóhannsson, Rósa Eggertsdóttir og Mel West. 1999. *Aukin gæði náms. Skólaþróun í þágu nemenda*. Reykjavík, Rannsóknastofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Rúnar Sigþórsson. 2000. *Fjarkennsla á Ströndum. Tilraunaverkefni í fjarkennslu milli Grunnskólans á Hólmavík og Broddanesskóla*. Lokaskýrsla. Akureyri, Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.
- Thórsteinsdóttir, Guðrún. 2005. *The Information Seeking Behaviour of Distance Students. A Study of Twenty Swedish LIS Students*, Valfrid, Borås, Ph.D. thesis.

## VIÐAUKI 1

### Spurningarammar fyrir viðtöl vegna úttekta á dreifmenntun í grunnskólum

#### V.-Barð.

##### Skólastjórar:

1. Meginmarkmið verkefnisins um dreifmenntun í grunnskólum V.-Barð er að nýta upplýsingatækni í þágu fræðslustarfs í grunnskólum og leitast þannig við að bæta og styrkja stöðu byggðanna. Hvernig hefur til tekist að þínu mati?
2. Getur þú lýst í fáum orðum kennslufyrirkomulagi í dreifmenntun bæði nær og fjær?
3. Hver álitur þú að sé helsti ávinningur dreifmenntunar sem kennsluforms miðað við reynslu þína?
4. Hverjir eru helstu ókostir þessa kennsluforms miðað við reynslu þína?
5. Hefur orðið þróun á kennsluforminu frá því starfið hófst, og ef svo í hverju hefur hún verið fólgin?
6. Hefur samstarf skólanna á svæðinu aukist með tilkomu dreifmenntunar og ef svo á hvaða sviðum helst?
7. Hvernig hefur gengið að kenna á milli skólanna, tæknilega séð?
8. Hvernig er námsmati háttað? Hefur kennari nægilegt tækifæri til að fylgjast með námi sérhvers nemenda og leggja mat á það?
9. Stundum er talað um faglega einangrun kennara í dreifbýlinu. Hefur samstarf skólanna aukið faglegt samstarf kennara? Með hvaða hætti?
10. Hefur nýja tæknin algjörlega komið í veg fyrir að ráða hafi þurft leiðbeinendur til kennslu?
11. Hefur verkefnið orðið til þess að auka fjölbreytni í námi nemenda? Ef svo hvernig?
12. Hefur verkefnið orðið til þess að bæta gæði náms? Hvað er helst til viðmiðunar um það?
13. Hvernig hefur gengið að halda aga í skólastofum?
14. Eru sjáanlegar einhverjar breytingar á sókn í framhaldsnám eftir að dreifmenntunin hófst?
15. Hvernig hefur tekist að sinna félagslegum þáttum í námi nemenda með tilkomu dreifmenntunarinnar?
16. Hvernig hefur þetta verkefni komið fjárhagslega við þinn skóla?
17. Hefur rekstur skólans gengið samkvæmt áætlun á meðan á verkefninu stóð?
18. Hefur dreifmenntunin leitt til aukinnar hagræðingar í skólahaldi á svæðinu?
19. Hvert er viðhorf nemenda til þessa verkefnis að þínu mati?
20. Hvert er viðhorf foreldra til þessa verkefnis að þínu mati?
21. Hvert er viðhorf kennara til þessa verkefnis að þínu mati?
22. Hvernig var kynningu á verkefninu fyrir foreldra háttað áður en verkefnið hófst? Sýndu foreldrar því áhuga?
23. Fengu foreldrar að reyna tæknibúnaðinn sem notast er við í kennslunni?
24. Fá nemendur og kennarar haldgóða fræðslu um notkun upplýsingatæknibúnaðarins í upphafi starfs? Ef já, beindist kennslan að notkun tæknibúnaðarins eða var áhersla að einhverju leyti lögð á breytta námshætti nemenda?

25. Hvernig hefur skólanum haldist á starfsfólki eftir að dreifmenntun var tekin upp?

**Kennarar:**

1. Meginmarkmið verkefnisins um dreifmenntun í grunnskólum V.-Barð er að nýta upplýsingatækni í þágu fræðslustarfs í grunnskólum og leitast þannig við að bæta og styrkja stöðu byggðanna. Hvernig hefur til tekist að ykkar mati?
2. Hver álitíð þið að sé helsti ávinningur dreifmenntunar sem kennsluforms miðað við reynslu ykkar?
3. Hver er helsti galli þessa kennsluforms miðað við reynslu ykkar?
4. Hafa gæði og fjölbreytileiki námsins aukist með samkennslu milli skóla?
5. Hefur kennsluformið þróast frá því starfið hófst, og ef svo í hverju er breytingin fólgin?
6. Hefur samstarf skólanna á svæðinu aukist með tilkomu dreifmenntunar og ef svo á hvaða sviðum helst?
7. Hvernig hefur gengið að kenna á milli skólanna, tæknilega séð?
8. Hefur samstarfið orðið til að draga úr faglegru einangrun kennara á svæðinu og aukið faglegt samstarf þeirra?
9. Hefur verkefnið orðið til þess að auka fjölbreytni í námi nemenda? Ef svo hvernig?
10. Hefur verkefnið orðið til þess að bæta gæði náms?
11. Hvernig gengur kennara að ná tengslum við nemendur á fjarenda?
12. Hvernig hefur gengið að halda aga á nemendum í dreifmenntuninni?
13. Hvernig fer námsmat fram? Veitir námsmatið nemendum nægilega leiðsögn í námi?
14. Hvað sýnist ykkur um árangur nemenda með tilkomu dreifmenntunar?
15. Hvernig teljið þið nemendur undirbúna í framhaldsnám eftir að dreifmenntunin hófst?
16. Hvernig hefur tekist að sinna félagslegum þáttum í námi nemenda með tilkomu dreifmenntunarinnar?
17. Hvert er viðhorf nemenda til þessa verkefnis að þínu mati?
18. Hvert er viðhorf foreldra til þessa verkefnis að þínu mati?
19. Hvert er viðhorf kennara til þessa verkefnis að þínu mati?
20. Hvernig var kynning á verkefninu fyrir foreldra áður en verkefnið hófst? Sýndu foreldrar því áhuga?
21. Fengu foreldrar að reyna tæknibúnaðinn sem notast er við í kennslunni?
22. Fá nemendur og kennarar haldgóða fræðslu um notkun upplýsingatæknibúnaðarins í upphafi starfs? Er hún nægjanleg?
23. Beindist kennslan eingöngu að tæknibúnaðinum eða var áhersla að einhverju leyti lögð á breytt vinnubrögð?

**Foreldrar:**

1. Meginmarkmið verkefnisins um dreifmenntun í grunnskólum V.-Barð er að nýta upplýsingatækni í þágu fræðslustarfs í grunnskólum og leitast þannig við að bæta og styrkja stöðu byggðanna. Hvernig hefur til tekist að ykkar mati?
2. Hver álfítíð þið að sé helsti ávinningur dreifmenntunar sem kennsluforms miðað við reynslu ykkar?
3. Hver er helsti galli þessa kennsluforms miðað við reynslu ykkar?
4. Hafa gæði og fjölbreytileiki námsins aukist með samkennslu milli skóla?
5. Hvernig fer námsmat fram? Er það nýtt á leiðbeinandi hátt í náminu?
6. Hefur samstarf skólanna á svæðinu aukist með tilkomu dreifmenntunar og ef svo á hvaða sviðum helst?
7. Hvernig virðist ykkur tæknibúnaðurinn gagnast kennslunni?
8. Hefur samstarfið orðið til að auka faglegt samstarf kennara að ykkar mati?
9. Hefur verkefnið orðið til þess að auka fjölbreytni í námi nemenda? Ef svo hvernig?
10. Hefur verkefnið orðið til þess að bæta gæði náms?
11. Hvernig virðist ykkur hafa gengið að halda aga á nemendum í dreifmenntuninni?
12. Hvað sýnist ykkur um árangur nemenda með tilkomu dreifmenntunar?
13. Hvernig teljið þið nemendur undirbúna í framhaldsnám eftir að dreifmenntunin hófst? Hefur aðstaða þeirra breyst?
14. Hvernig virðist ykkur hafa tekist að sinna félagslegum þáttum í námi nemenda með tilkomu dreifmenntunarinnar?
15. Hvert virðist ykkur viðhorf nemenda vera til þessa verkefnis?
16. Hvert virðist ykkur viðhorf foreldra vera til þessa verkefnis?
17. Hvert er viðhorf kennara til þessa verkefnis að ykkar mati?
18. Hvernig var kynning á verkefninu fyrir foreldra áður en verkefnið hófst? Sýndu foreldrar því áhuga?
19. Fengu foreldrar að reyna tæknibúnaðinn sem notast er við í kennslunni?
20. Fá nemendur og kennarar haldgóða fræðslu um notkun upplýsingatæknibúnaðarins í upphafi starfs? Er hún nægjanleg?
21. Beindist kennslan eingöngu að tæknibúnaðinum eða var áhersla að einhverju leyti lögð á breytt vinnubrögð?
22. Eru tengsl foreldra við kennara á fjarenda nægilega greið? Hvernig fara þau samskipti fram?

**Formaður verkefnisstjórnar:**

1. Meginmarkmið verkefnisins um dreifmenntun í grunnskólum V.-Barð er að nýta upplýsingatækni í þágu fræðslustarfs í grunnskólum og leitast þannig við að bæta og styrkja stöðu byggðanna. Hvernig hefur til tekist að þínu mati?
2. Hver álitur þú að sé helsti ávinningur dreifmenntunar sem kennsluforms?
3. Hver er helsti galli þessa kennsluforms miðað við reynslu þína?
4. Hafa gæði og fjölbreytileiki námsins aukist með samkenntu milli skóla?
5. Hefur orðið þróun á kennsluforminu frá því starfið hófst, og ef svo í hverju hefur hún verið fólgin?
6. Hefur samstarf skólanna á svæðinu aukist með tilkomu dreifmenntunar og ef svo á hvaða sviðum helst?
7. Hvernig hefur tæknibúnaðurinn gagnast í verkefninu?
8. Hefur samstarfið orðið til að draga úr faglegri einangrun kennara á svæðinu og aukið faglegt samstarf þeirra?
9. Hefur nýja tæknin algjörlega komið í veg fyrir að ráða hafi þurft réttindalaus kennara til kenntu ákveðinna kenntugreina?
10. Hefur verkefnið orðið til þess að auka fjölbreytni í námi nemenda? Ef svo hvernig?
11. Hefur verkefnið orðið til þess að bæta gæði náms?
12. Hefur verið lagt mat á sókn nemenda í framhaldsnám eftir að dreifmenntunin hófst?
13. Hvernig hefur tekist að sinna félagslegum þáttum í námi nemenda með tilkomu dreifmenntunarinnar?
14. Hvernig hefur þetta verkefni komið fjárhagslega við skólana?
15. Hefur dreifmenntunin leitt til aukinnar hagræðingar í skólahaldi á svæðinu?
16. Hvernig var kynningu á verkefninu fyrir foreldra háttað áður en verkefnið hófst? Sýndu foreldrar því áhuga?
17. Fengu foreldrar að reyna tæknibúnaðinn sem notast er við í kenntunni?
18. Fá nemendur og kennarar haldgóða fræðslu um notkun upplýsingatæknibúnaðarins í upphafi starfs? Er hún nægjanleg?
19. Beindist kenntan eingöngu að tæknibúnaðinum eða var áhersla að einhverju leyti lögð á breytt vinnubrögð?
20. Telur þú líklegt að hægt sé að nota dreifmenntun víða á Íslandi?
21. Hvernig hefur skólanum haldist á starfsfólki eftir að dreifmenntun var tekin upp?
22. Hvert er viðhorf nemenda til þessa verkefnis að þínu mati?
23. Hvert er viðhorf foreldra til þessa verkefnis að þínu mati?
24. Hvert er viðhorf kennara til þessa verkefnis að þínu mati?

**Nemendur:**

1. Hvernig líkar ykkur að vera í skóla í fjarkennslu?
2. Hverjir eru meginkostir þessa kennsluforms?
3. Eru einhverjir verulegir gallar á þessu formi?
4. Ef þið berið saman hefðbundið skólastarf og fjarkennslu, er annað formið kosti fram yfir hitt eða eru formin jafngild?
5. Hvernig gengur ykkur að vinna í tímum þar sem kennarinn er fjarstaddur og talar við ykkur í gegnum fjarfundabúnað?
6. Er öðruvísi að læra í fjarkennslu en í hefðbundinni kennslu? Hvað er öðruvísi?
7. Finnst ykkur þið þurfa að axla meiri ábyrgð á námi ykkar í fjarkennslu en í hefðbundnu skólastarfi?
8. Er nægilegur friður í skólastofunni í fjarkennslu?
9. Hafið þið fengið fræðslu um sérstakar námsaðferðir með hliðsjón af fjarkennslu?
10. Hvernig gengur ykkur að hafa samband við kennarann? Hvernig farið þið að ef þið þurfið að spyrja hann um eitthvað utan kennslutíma?
11. Notið þið tölvur í skólastarfinu? Á hvern hátt nýtast þær ykkur best? Getið þið haft samband við kennara ykkar í gegnum tölvusamskipti?
12. Hafið þið fengið góða fræðslu um fjarkennslubúnaðinn?
13. Hvað finnst ykkur um kennsluáðferðir kennaranna í fjarkennslubúnaðinum?
14. Finnst ykkur að kennarar nýti búnaðinn eins og best verður á kosið? Er hægt að nýta hann á annan hátt og gera ykkur námið auðveldara?
15. Hvernig fer námsmat fram?
16. Að hverju stefnið þið að grunnskólanámi loknu? Hyggist þið fara í framhaldsskóla?
17. Hvernig teljið þið ykkur undirbúin að hefja framhaldsnám?
18. Hvernig er félagsþörf ykkar mætt? Eigið þið góða vini eða féлага í skólunum?
19. Finnst ykkur þið tilheyra hópi nemenda á öllu svæðinu?
20. Hafið þið tækifæri til félagslegra samskipta við aðra jafnaldra ykkar á svæðinu?
21. Er samstarf á milli skólanna um félagsmál nemenda (skólaböll, klúbbastarf, íþróttir o.fl.)?